



19. MAÍ 1983

St. Fjall-fréttir

46. TÖLUBLAD

júní 2009

15. ÁRGANGUR

AÐALFUNDUR St. Fjall fyrir árið 2008

Ágætu félagar.

Aðalfundur St. Fjall., fyrir árið 2008 var haldinn í húsi eldri borgara fimmtudaginn 11. júní s.l. Á fundinn mættu 14 félagsmenn.

Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, auk þess sem breyting var gerð á reglugerð um vinnudeilusjóð félagsins og heitir hann núna Átaks- og vinnudeilusjóður St. Fjall.

Í þessu blaði er gerð grein fyrir helstu málum sem fram komu á fundinum, kosningum í stjórn og nefndir. Reikningar félagsins voru samþykktir og geta félagsmenn fengið eintak af þeim hjá gjaldkera eða formanni.

Ástæða er til þess að hvetja félagsmenn til að mæta á fundi og taka afstöðu til málefna félagsins og vera með í stefnumótun til framtíðar.

Vonandi verður sumar hjá okkur í ár og við njótum þess að vera til.

Guðbjörn Arngrímsson,
formaður

Skýrsla stjórnar

KJARAMÁL

Á síðasta starfsári, 2008, gerðum við kjarasamning bæði við ríkið fyrir hönd heilsugæslunnar og launanevnd fyrir hönd Fjallabyggðar. Hornbrekka ákvað hins vegar að draga sig úr Launanevndinni og fela Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu samningsumboðið, er skemmst frá því að segja að ekki hefur gengið né rekið í samningamálunum þrátt fyrir mikla eftirgangssemi bæði af hálfu félagsins og framkvæmdastjóra Hornbrekku. Rétt er þó að taka fram að samningur LN gildir fyrir félagsmenn meðan ekki er gerður annar.

VERK FALLSSJÓÐUR

Við erum á þessum fundi að leggja til breytingar á verkfallssjóðnum okkar þannig að hann nýtist betur í þágu félagsmanna. Við eigum þarna 15 milljónir og við eigum að nota þessa peninga til hagsbóta fyrir félagsmenn.

FRÆDSLUSJÓÐUR

Fræðslusjóðurinn okkar stendur þokkalega og í dag eru í honum um 1300 þúsund. 10 aðilar fengu styrk á síðasta ári samtals u.þ.b. 450 þúsund krónur.

ORLOFSHÚS

Við höfum nú frá áramótum yfirtekið húsið í Munaðarnesi alveg og höfum það til afnota allt árið. Við förum í viðhald á húsinu í vor, keyptum svefnsófa í stofuna þannig að svefnpláss eru fyrir 6. Við skiptum líka um rúm og nú eru ný og góð rúm í herbergjunum.

Við héldum líka áfram að vinna að endurbótum á orlofshúsinu fyrir austan og kláruðum að taka baðherbergið í gegn, og keyptum nýjan heitan pott.

Við viljum að húsin séu góð og notalegt að vera í þeim og öll þægindi séu til staðar þó svo við kjósum kannski einhver okkar að vilja ekki nota öll þessi þægindi, heldur njóta náttúrunnar og þess sem hún hefur upp á að bjóða.

FÉLAGSMÁL

Í skýrslu þessari hefur verið dregið saman það helsta úr starfi félagsins á árinu 2008. Á heimasíðu félagsins og í fréttabréfum er einnig að finna upplýsingar um mörg þau atriði sem upp eru talin ásamt öðru efni sem ekki var hægt að koma fyrir í stuttri skýrslu.

Stjórn félagsins vill þakka nefndarmönnum fyrir góð störf í þágu félagsins og síðast en ekki síst félagsmönnum öllum ánægjulegt og gott samstarf á liðnu starfsári.

REIKNINGAR

Félagið var rekið með tapi síðasta ár eins og alltaf þegar við erum að gera kjarasamninga. Sjá nánar á næstu síðu og einnig er hægt að nálgast reikningana hjá gjaldkera félagsins.

KOSNINGAR

Sjá baksíðu.

Úr reikningum St. Fjall 2008

Rekstrartekjur:

Félagsgjöld 2,332,718

Rekstrargjöld:

Laun og launat. gjöld: 1,468,756

Annar rekstrarkost. 1,078,166

Rekstrargjöld samtals 2,546,922

Tap ársins 192,145

Eigið fé:

Orlofssjóður 15,462,783

Starfsm. sjóður 1,262,328

Vinnudeilusjóður 14,807,697

Óráðstafað eigið fé 723,522

Fjármögnunarhreyfingar:

Hækkun á handbæru fé 3,621,205

Handbært fé í ársbyrjun 18,911,859

Handbært fé í árslok **22,533,064**

Reglugerð fyrir Átaks- og vinnudeilusjóð Starfsmannafélags Fjallabyggðar

1. gr.

Sjóðurinn heitir Átaks- og vinnudeilusjóður Starfsmannafélags Fjallabyggðar.

Lögheimili og varnarþing er í Fjallabyggð.

2. gr.

Eignir sjóðsins eru eins og staða vinnudeilusjóðs St. Fjall. er þann 31.12. 2008.

3. gr.

Tilgangur Átaks- og vinnudeilusjóðs er:

- að standa straum af kostnaði við vegna vinnudeilna.
- að veita þeim félagsmönnum fjárhagslega aðstoð sem lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilna félagsins.
- að styrkja félagsleg verkefni sem stjórn St. Fjall. samþykkir.
- að taka þátt í kostnaði við fasteignir sem ætlað er að styrkja félagslega uppbyggingu St. Fjall., s.s. orlofshús og íbúðir.

Sjóðurinn skal standa undir sér sjálfum. Ekki má ráðstafa peningalegri eign hans niður fyrir 5 milljónir miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 2009.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag. Endurskoðun sjóðsins skal vera samkvæmt lögum St. Fjall. Reikningar sjóðsins verða lagðir fram á aðalfundi.

4. gr.

Vörslumenn sjóðsins eru þrír og eru kosnir á aðalfundi félagsins ár hvert. Falli einhver fulltrúanna frá eða hætti skal stjórn St. Fjall. skipa fulltrúa í hans stað fram að næsta aðalfundi.

Fulltrúarnir skipta með sér verkum sem formaður, gjaldkeri og ritari.

5. gr.

Vörslumenn sjóðsins skulu sjá um að sjóðurinn starfi samkvæmt þessari reglugerð og annast ávöxtun hans. Halda skal gerðabók og rita skal í hana allar ákvarðanir og samþykktir fyrir sjóðinn. Fundargerðir sjóðsins skulu sendar stjórn St. Fjall. til upplýsingar.

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi St. Fjallabyggðar

6. gr.

Verði Átaks- og vinnudeilusjóður lagður niður ráðstafar aðalfundur St. Fjall. eigum hans.

Þannig samþykkt á aðalfundi St. Fjallabyggðar 11. júní 2009.

Samþykktir aðalfundar St.Fjall.

1. Félagsgjald:

Félagsgjald verður óbreytt, 1% af öllum launum.

2. Þátttaka sjóða í rekstri:

Samþykkt að 15% af framlagi ársins í hvern sjóð renni til reksturs félagsins.

3. Kjör til stjórnar:

Í ár kosið um formann, ritara og einn meðstjórnanda og voru þessi kjörin:

Formaður: Guðbjörn Arngrímsson

Grunnskóli

Ritari: Róslaug Gunnlaugsdóttir

Heilsugæslu

Meðstj.: Guðbjörg Þorsteinsdóttir

Leikhólar

Stjórn St. Fjall. skipa því næsta ár:

Formaður: Guðbjörn Arngrímsson

Gjaldkeri: Hafdís Jónsdóttir

Ritari: Róslaug Gunnlaugsdóttir

Varaform.: Haukur Sigurðsson

Meðstj.: Rósa Óskarsdóttir og
Guðbjörg Þorsteinsdóttir

Aðrar kosningar:

1. Endurskoðendur:

Endurskoðun Akureyrar, KPMG

2. Félagslegir skoðunarmenn:

Þorsteinn Ásgeirsson

Ásta Sigurðardóttir

3. Orlofshúsanefnd:

Haukur Sigurðsson

Ólafur Sæmundsson

Hólfríður Jóhannsdóttir

4. Starfskjaranefnd:

Guðbjörn Arngrímsson

5. Átaks- og vinnudeilusjóður:

Rósa Óskarsdóttir

Þorsteinn Ásgeirsson

Haukur Sigurðsson

6. Stjórn fræðslusjóðs:

Rósa Óskarsdóttir

Hildur Magnúsdóttir

Guðbjörn Arngrímsson

7. Fulltrúar á þing BSRB

Aðalmenn: Guðbjörn Arngrímsson
og Hafdís Jónsdóttir

Varamenn: Haukur Sigurðsson og
Guðbjörg Þorsteind.

St.Fjall.- fréttir

eru gefnar út af Starfsmannafélagi Fjallabyggðar

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðbjörn Arngrímsson

Starfsmannafélag Fjallabyggðar var stofnað 19. maí 1983

Félagar í dag eru 112 þar af 27 eftirlaunaþegar og öryrkjar